

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 114/2004

frá 9. júlí 2004

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2004 frá 8. júní 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 210/2004 frá 23. desember 2003 um gerð vöruskráar EB yfir iðnaðarvörur fyrir árið 2004 sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 4aa (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 347/2003) í XXI. viðauka við samninginn:

„4ab. **32004 R 0210:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 210/2004 frá 23. desember 2003 um gerð vöruskráar EB yfir iðnaðarvörur fyrir árið 2004 sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 (Stjtíð. ESB L 45, 14.2.2004, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 210/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. júlí 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 349, 25.11.2004, bls. 46 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 59, 25.11.2004, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 45, 14.2.2004, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 9. júlí 2004.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Kjartan Jóhannsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann